

Þjónusta við geðfatlaða stóraukin

Veittar rúmar 70 milljónir á þessu ári

Egilsstaðir | Stórt skref hefur nú verið stigið í átt til að auka mjög þjónustu við geðfatlað fólk á Austurlandi, m.a. með nýjum búsetuúrræðum, aukinni liðveislum og nýrri vinnuástöðu.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, hafa undirritað samkomulag um verkefni til að fjölga búsetuúrræðum og efla dagþjónustu og dagvist fyrir geðfatlað fólk á Austurlandi. Þetta felur í sér að félagsmálaráðuneytið ver samtals 70,8 milljónum króna á árinu 2007 til þess að styðja verkefni gagnvart geðfötlðu fólki á Austurlandi.

Samkomulagið er gert í samræmi við áttak í þjónustu við geðfatlað fólk, stefnu og framkvæmdaáætlun ráðuneytisins 2006–2010. Svæðisskrifstofan hefur unnið að undirbúningi málsins um langa hríð, m.a. í samvinnu við Geðhjálp á Austurlandi.

Einangrunin rofin

Verkefnið sem um ræðir eru í fyrsta lagi uppbygging búsetu sem er ígildi fjögurra leiguíbúða ásamt starfsmannaástöðu, sem Áttak í þjónustu við geðfatlaða fjármagnar, fyrir einstaklinga með geðfötlun. Búsetuúrræðið verður hluti af húsnæðiskosti fyrir fatlaða á svæðinu og nýtt í samstarfi við SAUST þannig að tryggt sé að jafn margar íbúðir standi geðfötlðum til boða á hverjum tíma.

Í öðru lagi er um að ræða þróunarverkefni til að koma á fót félags- og vinnuástöðu fyrir fólk með geðraskanir og geðfötlun, líklega í



Morgunblaðið/Steinnur Ásmundsdóttir

Fjölbreytni Frá almennu samkomuhaldi á Vilhjálmsvelli.

Kompanni á Egilsstöðum. Við þróun og mótun þjónustunnar verður lögð áhersla á þátttöku og virkni notenda og aðstandenda þeirra. Aðrir samstarfsaðilar í þróunarverkefninu eru Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, Félagsþjónusta Fjarðabyggðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands, deild Geðhjálpar á Austurlandi og Austurlandsdeild Rauða kross Íslands. Markmiðið er að auka stuðning til að rjúfa einangrun, stuðla að tengslamyndun og aðstoða geðfatlaða til virkni í samræmi við eigin getu. Þá er í samkomulaginu gert ráð fyrir að auka frekari liðveislum í búsetu við fólk sem býr við geðfötlun. Stuðningur áttaksverkefnisins gerir SAUST kleift að ráða fleira fagfólk til starfa.